

AFMÆLISRIT
REYKJANESBÆR 20 ÁRA
1994-2014





Reykjanesbær fagnar 20 ára afmæli þann 11.júní 2014. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 7. febrúar 2012 að gefa út afmælisrit í tilefni af þeim tímamótum. Er ritinu ætlað að taka saman helstu breytingar og framkvæmdir sem orðið hafa í sveitarfélaginu á 20 ára tímabili frá því að sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir, sameinuðust undir nafni Reykjanesbæjar. Ennfremur er rifjuð upp saga nokkurra sem átt hafa samleið með afmælisbarninu í gegnum tíðina eins og lögreglu, Brunavarna Suðurnesja, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Hitaveitu Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fá sveitarfélög á landinu hafa vaxið með saman hraða og Reykjanesbær á þessu tímabili en fjölgun íbúa hefur frá 1994 og til dagsins í dag verið ríflega 40 prósent. Til að mæta þeirri fjölgun hefur þurft að ráðast í miklar framkvæmdir, meðal annars skólabyggingar fyrir leik- og grunnskóla, íþróttamannvirki og ný íbúðahverfi. Stærsta breytingin hefur orðið í Innri-Njarðvík þar sem þrjú ný íbúðahverfi hafa bæst við þá litlu byggð sem þar var fyrir. Við brotthvarf Varnarliðsins árið 2006 bættist svo enn við nýtt hverfi, Ásbrú, með tilheyrandi umsvifum í rekstri og þjónustu.

Síðari helmingur af stuttri ævisögu sveitarfélagsins til dagsins í dag einkennist af gríðarlegum breytingum og áföllum í atvinnu- og efnahagslegu tilliti. Brottför Varnarliðsins árið 2006 leiddi til þess að 1100 störf íslenskra starfsmanna hurfu í einni svipan. Tímabundið

fundu margir sér ný störf, sér í lagi í kringum byggingariðnað, sem þá stóð í miklum blóma. Tveimur árum síðar gekk þjóðin í gegnum bankahrun og í kjölfarið efnahagskreppu sem setti mikinn svip á bæjarbraginn. Fjölmargir misstu vinnu og atvinnuleysi varð meira en nokkru sinni hafði áður sést. Hin síðustu ár hefur smám saman dregið úr atvinnuleysi og ný atvinnuverkefni skjóta upp kollu víðs vegar innan sveitarfélagsins, einkum á Ásbrú, þar sem Varnarliðið réð áður ríkjum. Þá eru stór atvinnuverkefni tengd iðnaði í Helguvík og á Reykjanesi sem sum hafa þegar hafið starfsemi en önnur vinna að undirbúningi framkvæmda.

Með afmælisriti þessu fylgja bestu afmælisveðjur til bæjarbúa, starfsfólks og samstarfsaðila frá Bæjarstjórn Reykjanesbæjar með þökk fyrir fyrstu 20 árin.

Böðvar Jónsson
forseti Bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

EFNISYFIRLIT

80 einstaklingar verið fulltrúar á bæjarstjórnarfundum	5
Hafa setið fleiri en 100 fundi í bæjarstjórn:	5
Tveir bæjarstjórar á 20 árum	5
Þrjú einstaklingar verið formenn í bæjarráði	5
Björk Guðjónsdóttir verið lengst forseti	5
Aðdragandi sameiningar	6
Íbúakosningar um sameiningu	6
Nafnamálið	6
Að 20 árum liðnum	7
Breytingar á starfi leik- og grunnskóla	8
Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	10
Fjölbrotaskóli Suðurnesja 1994-2014	11
Nemendum skólans hefur fjölgað jafnt og þétt	11
Fjölskyldu- og félagsþjónusta í 20 ár	12
Heilbrigðisþjónusta í 20 ár	13
Þjónusta við aldraða í 20 ár	14
Þjónusta við fatlaða í 20 ár	15
Nesvellir, Fyrsta sérbyggða hjúkrunarheimilið í Reykjanesbæ	16
Brunavarnir Suðurnesja, einn af hornsteinum Reykjanesbæjar!	17
Menningarstofnanir	20
Menningarbærinn Reykjanesbær	20
Menningarhópar	21
Atvinnuver hinna skapandi greina	21
Ljósanótt og Barnahátíð	22
Duushúsin, Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar	24
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	25
Tónlistararfurinn	25
Hljómahöllin	26
Víkingaheimar	29
Íþróttir, tómstundir og forvarnir í 20 ár	30
Við sameininguna árið 1994 voru þrjár félagsmiðstöðvar í Reykjanesbæ.	32
Íþróttalífið	34
Þróun atvinnulífs	36
Framkvæmdir í Helguvík	38
Keflavíkurflugvöllur - stærsti vinnustaður Suðurnesja	40
Hitaveitan í 20 ár	41
Umhverfismál	42
Umhverfismál eru hluti af daglegu lífi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana	44
Samgöngur	45
Skipulagsmál	45
Tvöföld Reykjanesbraut í 10 ár - aukið öryggi Suðurnesjamanna	46
Löggæsla í 20 ár	47
Gamli tíminn	48
Framtíðarskipulag í Grófinni	48
Náttúruperlur í Reykjanesbæ	50





Magnea
Guðmundsdóttir



Garðar
Vilhjálmsson



Guðný
Kristjánsdóttir



Eysteinn
Eyjólfsson



Kristján
Gunnarsson



Sigríður Jóna
Jóhannesdóttir



Kjartan Már
Kjartansson



Jónína Sanders



Guðbrandur
Einarsson



Ellert Eiríksson



Steinþór Jónsson



Sveindís
Valdimarsdóttir



Árni Sigfússon



Jóhann Geirdal



Ólafur
Thordersen



Þorsteinn
Erlingsson



Björk
Guðjónsdóttir



Böðvar Jónsson



80 EINSTAKLINGAR VERIÐ FULLTRÚAR Á BÆJARSTJÓRNARFUNDUM

Á 20 árum hafa samtals 34 einstaklingar verið kjörnir sem aðalmenn til setu í bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Að meðtöldum varamönnum sem tekið hafa sæti, ýmist einn fund eða fleiri, hafa samtals 80 einstaklingar setið sem fulltrúar í bæjarstjórn. Þeir einstaklingar sem setið hafa flesta fundi í bæjarstjórn eru eftirtaldir:

Hafa setið fleiri en 100 fundi í bæjarstjórn:

Magnea Guðmundsdóttir 105
Garðar Vilhjálmsson 117
Guðný Kristjánsdóttir 122
Eysteinn Eyjólfsson 128
Kristján Gunnarsson 139
Sigríður Jóna Jóhannesdóttir 146
Kjartan Már Kjartansson 161

Jónína Sanders 163
Guðbrandur Einarsson 167
Ellert Eiríksson 172
Steinþór Jónsson 194
Sveindís Valdimarsdóttir 214
Árni Sigfússon 234
Jóhann Geirdal 252

Ólafur Thordersen 258
Þorsteinn Erlingsson 275
Björk Guðjónsdóttir 328
Böðvar Jónsson 370



Björk Guðjónsdóttir verið lengst forseti

Í 20 ára sögu sveitarfélagsins hafa fimm einstaklingar gegnt embætti forseta bæjarstjórnar. Drífa Sigfúsdóttir var fyrsti forseti bæjarstjórnar frá 1994-1998, þá tók Skúli Þ. Skúlason við og gegndi embættinu næstu fjögur árin. Björk Guðjónsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar árið 2002 og gegndi því embætti í átta ár. Gunnar Þórarinnsson var í hlutverki forseta frá 2010-2011 en Böðvar Jónsson hefur verið forseti bæjarstjórnar frá þeim tíma og til dagsins í dag. Björk Guðjónsdóttir stýrði á sínum ferli í bæjarstjórn samtals 154 fundum en Björk er jafnframt sá einstaklingur sem setið hefur næst flesta fundi í bæjarstjórn Reykjanesbæjar frá upphafi eða 328 fundi.

Sá sem hefur þó verið á flestum fundum bæjarstjórnar er Hjörtur Zakaríasson bæjarritari sem hefur ritað fundargerðir bæjarstjórnar öll 20 árin. Líklegt má telja að hann hafi verið á a.m.k. 400 fundum bæjarstjórnar við fundarritun.

Tveir bæjarstjórar á 20 árum

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að Reykjanesbær varð til hafa tveir einstaklingar gegnt starfi bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Ellert Eiríksson var bæjarstjóri frá árinu 1994-2002 en þá tók Árni Sigfússon við starfi bæjarstjóra og hefur gegnt því síðan.

Hjörtur
Zakaríasson



Þrjár einstaklingar verið formenn í bæjarráði

Frá 1994 hafa þrjár einstaklingar gegnt embætti formanns bæjarráðs en bæjarráð er eins konar framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Jónína Sanders var formaður bæjarráðs í átta ár, frá 1994-2002. Böðvar Jónsson tók við embætti formanns bæjarráðs árið 2002 og gegndi því í níu ár eða til ársins 2011. Gunnar Þórarinnsson hefur verið formaður bæjarráðs frá þeim tíma eða samtals í þrjú ár.





Aðdragandi sameiningar

Á árinu 1993 var talsverð umræða af hálfu ríkisvaldsins um að fækka sveitarfélögum á landinu og var ákveðið að kosið yrði um sameiningu sveitarfélaga síðar um haustið. Mikil umræða hófst á Suðurnesjum sumarið 1993 um kosti og galla sameiningar og lét SSS (Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum) vinna skýrslu um hagkvæmni slíkrar sameiningar. Niðurstaða skýrslunnar var sú að ekki væri hagkvæmt á því stigi að sameina sveitarfélögin. Í kjölfarið varð mikil umræða um niðurstöðu skýrslunnar og var hún harðlega gagnrýnd, m.a. á fundum bæjarstjórnar Keflavíkur. Allnokkrir fundir voru haldnir um sameiningarmálin og var deilt um hvort allar upplýsingar hefðu verið lagðar fram fyrir bæjarbúa eður ei. Vildu sameiningarsinnar meina að upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, ef sameining væri samþykkt, væri haldið frá fundarmönnum.



Íbúakosningar um sameiningu

Þann 20. nóvember 1993 var kosið í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum um sameiningu. 98% kjósenda í Höfnum sagði já við sameiningu, 89% kjósenda í Keflavík, 58% í Njarðvík en kjósendur í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum höfðu sameiningu. Í kjölfarið var lögð fram önnur tillaga sem kosið var um þann 5. febrúar 1994 um að sameina sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir í eitt sveitarfélag. Höfu stuðningsmenn mismunandi sjónarmiða mikla baráttu fyrir sínum málstað og voru settar upp skrifstofur þar sem baráttu mismunandi sjónarmiða var haldið uppi. Niðurstaðan varð þó sú að tillaga um sameiningu þessara þriggja sveitarfélaga var samþykkt í öllum sveitarfélögum þremur.

Nafnamálið

Strax í kjölfar ákvörðunar um sameiningu sveitarfélaga hófst umræða um nafn á hið nýja sveitarfélag. Margar greinar voru skrifaðar, m.a. í Víkurfréttum, og sýndist sitt hverjum. Voru margir á því að hið sameinaða sveitarfélag ætti einfaldlega að heita Keflavík enda væri það þekktasta nafnið af þeim þremur sem áður höfðu verið notuð. Njarðvíkingar bentu á að það hefði verið ein af „forsendum“ fyrir samþykkt á sameiningu sveitarfélaganna að hinu nýja sveitarfélagi yrði jafnframt fundið nýtt nafn. Þann 16. apríl 1994 var efnt til íbúakosninga milli fimm nafna sem lögð höfðu

REYKJANESBÆR Í 20 ÁR

1994–2014



verið til sameiginlega af sveitarstjórnnum þeirra þriggja sveitarfélaga sem til stóð að sameina. Voru nöfnin þessi: Suðurnes, Reykjanes, Hafnavík, Fitjar og Nesbær. Í kosningunni hlaut nafnið Suðurnes flest gild atkvæði eða 631 en Reykjanes hlaut 238 atkvæði. Langflestir sem tóku þátt í kosningunni gerðu þó ógilt og skrifuðu Keflavík á atkvæðaseðilinn. Strax í kjölfar atkvæðagreiðslunnar var víða farið að nota nafnið Suðurnesjabær þrátt fyrir að það hefði ekki hlotið formlega afgreiðslu hjá hinu nýja sveitarfélagi. Í Víkurfréttum kom t.d. víða fyrir nafnið Suðurnesjabær í fréttum og greinaskrifum. Nafnakosningin var kærð og lagði Félagsmálaráðuneytið til við hina nýju bæjarstjórn að kosningin

yrði endurtekin. Fór nú í hönd mikil umræða um hvaða nafn ætti að velja á hið nýja bæjarfélag. Ákveðið var að kosið yrði á milli tveggja nafna, Reykjanesbær og Suðurnesbær, í alþingiskosningum sem fram áttu að fara þann 8. apríl 1995 en margir voru óánægðir með að ekki skyldi vera mögulegt að velja önnur nöfn, s.s. nafnið Keflavík-Njarðvík. Fór svo að 72% þeirra sem greiddu atkvæði í kosningunum gerðu ógilt eða skiluðu auðu. Af gildum atkvæðum voru 55% með nafninu Reykjanesbær en 45% með nafninu Suðurnesbær. Aftur var atkvæðagreiðslan kærð en að þessu sinni skyldu úrslitin standa. 15. ágúst 1995 staðfesti svo bæjarstjórn nafnið Reykjanesbær á hið nýja sveitarfélag með nú

atkvæðum gegn tveimur. Fundurinn var sögulegur. Víkurfréttir greindu frá því að á annað hundrað bíla hefði verið lagt fyrir utan bæjarskrifstofunnar þegar fundurinn fór fram og bílflautur þeyttar í mótmæla-skygni. Salur bæjarstjórnar var yfirfullur af fólki sem kom til að fylgjast með og margir mótmæltu með hrópum og hljóðum.

Að 20 árum liðnum

Þrátt fyrir mikil læti í kringum val á nafni fyrir hið nýja sveitarfélag eru líklega flestir þeirrar skoðunar að vel hafi til tekist. Samþætting þjónustu á milli íbúakjarna hefur tekist mjög vel og sambærileg þjónusta veitt hvar sem býið er innan sveitarfélagsins.

LEIK- OG GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Fræðsluvið

Í Reykjanesbæ starfa nú tíu leikskólar og sex grunnskólar. Leikskólarnir Hjallatún, Akur og Vesturberg eru nýir skólar eftir sameiningu og leikskólarnir Háaleiti og Völlur voru lagfærðir og teknir í notkun á Ásbrú eftir brotthvarf hersins. Grunnskólarnir Heiðarskóli og Akurskóli voru byggðir og stofnaður Háaleitis-skóli að Ásbrú. Auk þess hefur verið byggt við og endurnýjað húsnæði flestra þeirra leik- og grunnskóla sem fyrir voru.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna urðu allir grunnskólarnir heildstæðir og bænum skipt upp í skólahverfi. Mikil áhersla var lögð á að gera skólana sambærilega og að allir nemendur bæjarins byggju við svipaðar námsaðstæður. Hætt var að nota gamla skólahúsið við Skólaveg 1 sem grunnskóla og allir nemendur færðir í Myllubakkaskóla sem jafnframt var stækkaður. Samhliða viðbyggingum voru skólalóðir endurnýjaðar og settir upp fótbolta- og körfuboltavellir og ýmis leiktæki. Við Njarðvíkurskóla var skólalóðin byggð upp frá grunni.

Breytingar á starfi leik- og grunnskóla
Heilsdagsleikskóli er nú í boði fyrir öll tveggja til fimm ára börn í bænum. Heitar máltíðir eru í boði í öllum leik- og grunnskólum. Fagfólki hefur fjölgað og hver leik- og grunnskóli hefur gefið út skólanámskrá. Í framtíðarsýn bæjarins var áhersla sett á að auka hlut fagfólks í kennslu. Með sérstöku átaki var flutningsstyrkur tímabundið í boði fyrir fagfólk sem vildi flytja til Reykjanesbæjar og leiðbeinendur sem störfuðu í leik- og grunnskólum bæjarins gátu um langt skeið sótt um styrk til Reykjanesbæjar til að stunda fjarnám og afla sér þannig menntunar og réttinda til starfa. Þetta þýddi að á árunum 2003-2009 fjölgaði fagmenntuðum kennurum verulega.

Grunnskólar hafa allir verið einsetnir síðan haustið 2000. Aukning hefur orðið á aðstoðarfólki í grunnskólum og fleiri fagstéttir starfa við leik- og grunnskóla eins og náms- og starfsþjálfar, þroskaþjálfar og iðjuþjálfar. Eftir hefðbundinn skóladag er frístundaskóli starfræktur í öllum grunnskólum fyrir börn í 1.-4. bekk og eldri nemendur með sérparfir frá árinu 1996.

Nokkrar sérdeildir hafa verið settar á stofn fyrir börn með sérparfir og má þar nefna sérdeildirnar Björk sem tók við af Tjarnarskóla árið 2000, Eik stofnuð 2001, Ösp stofnuð haustið 2003 og Goðheima stofnaðir 2013.



Miklar breytingar hafa orðið á hegðun og líðan ungmenna í bænum eins og sjá má í niðurstöðum kannana frá Rannsókn og greiningu sem hefur gert slíkar kannanir í Reykjanesbæ allt frá 1994. Á þessum tíma hafa þættir eins og foreldrasamvinna, íþrótta- og tómstundastarf og líðan nemenda styrkst til muna og samhliða hefur dregið verulega úr neyslu unglinga á áfengi og tóbaki.

Allir leik- og grunnskólar hafa gert sér eintísáætlun sem þeir starfa eftir.

Innra mat grunnskólanna hefur þróast og allir leik- og grunnskólar meta störf sín út frá könnunum sem gerðar eru reglulega meðal nemenda, starfsfólks og foreldra.

Samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla hefur þróast og stuðlar að samfelli í námi barnanna.

Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar var stofnuð 1996 til að þjóna leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar og til varð staða fræðslustjóra. Nágrannasveitarfélögin, Garður, Sandgerði og Vogar hafa gert samning við fræðsluvið Reykjanesbæjar um þjónustu við leik- og grunnskóla. Leik- og grunnskólafulltrúar eru starfandi á fræðsluviði. Hjá sérfræðiþjónustu fræðsluviðs starfa sálfræðingar, talmeinafræðingar og kennsluráðgjafar.



Boðið er upp á SOS námskeið fyrir foreldra.

Skólaþróunarsjóður Manngildissjóðs styrkir þróunarstarf í leik- og grunnskólum og Hvatningarverðlaun fræðsluráðs hvetja skólafólk til dáða.

Viðurkenningar eru veittar árlega til þeirra nemenda sem skara fram úr á landsvísu í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk.

Reykjanesbær er framvörður nýjunga í kennsluháttum. Má þar nefna spjaldtölvuvæðingu þar sem nemendur 8., 9. og 10.

bekkjar geta nýtt sér nýjustu tölvutækni og námsefni.

Miklar framfarir hafa orðið hjá nemendum í Reykjanesbæ á síðustu árum. Árangur batnar ár frá ári. Þökk sé góðu starfi kennara og áhugasömum foreldrum og nemendum. Nú í vetur fengu leik- og grunnskólar sérstaka viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri stjórnýslu fyrir þá aðferðafræði sem skólarnir starfa eftir, þ.e. *Framtíðarsýn Reykjanesbæjar* í menntamálu.



KEILIR – MIÐSTÖÐ VÍSINDA, FRÆÐA OG ATVINNULÍFS



Í kjölfar brotthvarfs Varnarliðsins undir lok árs 2006 stóð eftir tóm og yfirgefin byggð með um 2000 íbúðum og öðrum byggingum sem hefðbundnar eru í 6.000 manna samfélagi. Stóra spurningin var : Hvað á að gera við "þorpið"? Í samræmi við áherslur Reykjanesbæjar og undir forystu Próunarfélags Keflavíkurflugvallar var ákveðið að breyta yfirgefinni herstöð í þekkingarþorp. Í því skyni var ein fyrsta ákvörðunin sú að stofna skóla á Ásbrú til að þjóna atvinnulífinu sem og að svara menntaþörf íbúa svæðisins. Þannig varð Keilir til - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs þann 7. maí 2007. Helstu eigendur eru Háskóli Íslands, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Kadeco, HS orka, Orkuveita Reykjavíkur og fjölmargir smærri hluthafar.

Fyrstu skrefum stýrði Runólfur Ágústsson, fyrrum rektor á Bifröst, en á öðru ári tók Hjálmar Árnason, fyrrum skóla-meistari FS og alþingismaður, við sem framkvæmdastjóri.

Fljótlega mótuðust nokkrar námsbrautir: Háskólabró, tæknifræði, flugakadema, heilsuskóli en nýjustu námsbrautir eru ævintýraleiðsögn og flugvirkjun. Þá er rekið öflugt námskeiðahald í Keili undir

merkjum Viskubrunns. Þjónar Keilir þannig nokkrum af stærri fyrirtækjum landsins vegna endurmenntunar. Við uppbyggingu námsbrauta leitar Keilir eftir samstarfi við þá aðila sem sterkir eru á hverju sviði. Þannig er tæknifræði til BSc-gráðu rekin með Háskóla Íslands, flugvirkjanamið með hinum skoska AST, elsta og virtasta flugvirkjaskóla í Evrópu og ævintýraleiðsögnin með Thompson River University í Kanada.

Til að þjóna atvinnulífi sem best hefur Keilir fjárfest í miklum og dýrum búnaði og notið til þess aðstoðar m.a. frá Kadeco. Má í því sambandi nefna rannsóknaraðstöðuna og verklega smiðju. Frá þeim hafa sprottið verkefni sem síðar hafa leitt til stofnunar fyrirtækja og ráðningar starfsfólks. Til þess var Keilir ekki síst stofnaður. Skólinn er enn fremur með sex flugvélar til kennslu og munu fleiri bætast við á næstunni ásamt flughermi. Á sjö árum hafa tæplega 2.000 manns útskrifast frá Keili þar af rúmur helmingur af Háskólabró. Langflestir þeirra hafa haldið áfram námi á háskólastigi. Í dag koma á annað hundað manns að starfi Keilis.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA 1994-2014



Fjölbrautaskóli Suðurnesja er framhaldsskóli sem býður fjölbreytt bóklegt og verklegt nám. Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli en í því felst að námsefni í einstökum greinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru í eina námsönn og lýkur með prófi eða öðru námsmati í annarlök. FS hefur starfað síðan haustið 1976. Skólinn var stofnaður í samstarfi ríkisins og allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Húsnæðissaga skólans hefur verið löng og ströng og það var ekki fyrr en haustið 1992 að starfsemi skólans komst öll undir eitt þak. Nýjasti hluti skólahúsnæðisins var tekinn í notkun haustið 2004 og nú er skólinn í um 9000 m² húsnæði. Í dag er aftur orðið þröngt um nemendur enda hefur þeim fjölgað umtalsvert undanfarin ár.

Nemendum skólans hefur fjölgað jafnt og þétt

Hlutfall ungmenna á Suðurnesjum sem hefur nám í framhaldsskóla hefur hækkað mikið undanfarin ár. Árið 1999

hófu 78,6% nemenda sem luku grunnskóla á Suðurnesjum nám í framhaldsskóla haustið eftir. Árið 2012 var þetta hlutfall komið í 92,5%.

Nemendur í dagskóla hafa verið um 1000 undanfarin ár en hafa flestir verið rúmlega 1100. Árið 1994 voru þeir um 700. Skólinn hefur tekið þátt í verkefnum til að gefa atvinnuleitendum kost á að stunda nám og hefur nokkur fjöldi nýtt sér þann kost. Í dag eru starfsmenn skólans u.þ.b. 100, þar af eru rúmlega 80 kennarar.

Námsframboð skólans hefur verið í stöðugri þróun undanfarin tuttugu ár.

Síðari árin hefur einkum verið lögð áhersla á efla starfsnám og styttri námsbrautir. Þá hefur fornám, almennar brautir og nám á starfsbraut tekið miklum breytingum. Allt er þetta gert til að koma sem best til móts við allan þann fjölda sem sækir skólann þannig að hver nemandi finni sér nám við sitt hæfi.

Árið 1996 var byrjað að bjóða nemendum í 10. bekk á Suðurnesjum að taka áfanga í skólanum. Í upphafi var einkum um að ræða grunnáfanga í bóklegum greinum en síðar var verknámi bætt við. Lögð hefur verið áhersla á að efla þennan þátt í skólastarfinu en með honum geta öflugir nemendur flýtt fyrir sér í námi og jafnframt kynnst verklegu námi sem þeir gætu hugsað sér að leggja stund á. Undanfarin ár hafa jafnan rúmlega 100 grunnskólanemendur stundað nám í einstökum áföngum hvert skólaár.

FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSPJÓNUSTA Í 20 ÁR

Fjölskyldu- og félagssvið

Sameiningin hafði mikil og jákvæð áhrif á félagslega þjónustu fyrir íbúa allra sveitarfélaganna þriggja, ekki síst þar sem ekki var skipulögð þjónusta fyrir. Á þessum tímamótum voru leikskólar viðurkenndir sem fyrsta skólastig og rekstur þeirra færður til fræðsluskrifstofu. Sveitarfélögin sáu á þessum tíma um vinnumiðlun og við sameiningu var hún flutt yfir til Markaðs- og atvinnu-málaskrifstofu.

Strax í upphafi sameiningar var áhersla lögð á skilgreiningu einstakra málaflokka félagslegrar þjónustu sem að stórum hluta er lögbundin. Þannig fengu hugtök eins og „þjónusta“ og „barnavernd“ nýja sýn í huga og verkum starfsmanna sem hafði jákvæð áhrif út í samfélagið. Til marks um þessar

áherslur var nafni félagsmálastofnunar breytt árið 1999 í Fjölskyldu- og félagsþjónusta.

Ráðgjöf og fræðsla til foreldra og fjölskyldna hefur frá upphafi verið einn viðamesti þáttur í starfsemi Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Stefnu-

mótun, framtíðarsýn og starfsáætlanir urðu stjórnþæki sem auðvelduðu leiðir að markmiðum. Þar má nefna fjölskyldustefnu sem fyrst var sett 2003 og hefur alla tíð síðan haft áhrif á mótun þjónustu Reykjanesbæjar við fjölskyldur. Sérstök vinna var lögð í að kortleggja úrræði og þjónustu bæjarins við foreldra og börn frá fæðingu til 18 ára aldurs.

Dagur um málefni fjölskyldunnar er eitt afsprenge fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar. Hann er haldinn árlega en þar eru m.a. veittar viðurkenningar til fyrirtækja sem að mati starfsmanna þeirra samþætta



atvinnu- og fjölskyldulíf með markvissum hætti. Nú þegar hafa 31 fyrirtæki fengið slíka viðurkenningu.

Samstarf við aðra opinbera þjónustuaðila hefur aukist markvisst með hverju ári og ávallt er haft að leiðarljósi að auðga mannlífið. Þannig hafa verið haldnar ráðstefnur og málþing um fjölskyldutengd málefni, fræðslufundir og greinaskrif í staðarblöð. Björgin – geðræktarmiðstöð var sett á laggirnar 2005, Nesvellir og Selið opnað 2008, gerður samningur við Lund og SÁÁ (Samtök áhugafólks um áfengis- og vímu-efnavandann) um göngudeildarþjónustu 2007, settir á laggirnar samstarfshópar, t.a.m. Samtakahópurinn sem er stýrihópur um fjölmenningu og velferðarvakt. Stofnuð endurhæfingarúrræði, s.s. Samvinna og Fjölsmiðja, velferðarþjónusta samhæfð



HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA Í 20 ÁR



Áramót 1997-1998

Þótt það sé í verkahring ríkisins að sjá bæjarbúum fyrir heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að draga saman helstu þætti í þessari þjónustu á 20 ára afmæli bæjarins.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja varð til um áramótin 1997-1998 við sameiningu Heilsugæslu Suðurnesja og Sjúkrahúss Suðurnesja. Fram að því var heilsugæsla og sjúkrahús rekið sitt í hvoru lagi.

Árið 1999 var sykursýkismóttaka sett á fót á heilsugæslu. Hún hefur verið í örum vexti síðan þá og nú starfar þar þverfaglegt teymi.

Árið 2003 opnaði D-álman að hluta, sex árum eftir að samningur um hana var undirritaður við ríkið. Í upphafi hafði hún verið hugsuð sem öldrunardeild og höfðu D-álmu samtökin verið stofnuð af bæjarbúum nokkrum árum áður til að berjast fyrir slíkri þjónustu. Á umræddum sex

árum hafði áhersla í stefnumótun ríkis og HSS breyst. Í þeirri stefnumörkun var lögð megináhersla á að HSS yrði fyrsti viðkomustaður Suðurnesjabúa eftir heilbrigðisþjónustu. Stefnt var að því að allri heilsugæslu yrði sinnt á svæðinu og allt að 80% af sjúkrahúsþjónustu. Það leiddi af sér að sjúklingar með almenna sjúkdóma sem voru áður fluttir til Reykjavíkur fengu þjónustu í heimabyggð. Jafnframt þessu var opnuð dagdeild fyrir þá sem komu í minniháttar aðgerðir, lyfjameðferðir og blóðgjafir og í framhaldi af því fimm daga deild fyrir þá sem þurftu á endurhæfingu að halda. Þessi þjónusta var t.d. mikið notuð fyrir eldri borgara sem nutu einnig þjónustu heimahjúkrunar og var deildin um tíma rekin sem hluti af heimahjúkrun. Sálfélagsleg þjónusta fyrir börn og fjölskyldur þeirra var sett á fót í samstarfi við Reykjanesbæ árið 2006. Í kjölfar

kreppunnar hefur þörfin fyrir þessa þjónustu aukist verulega og í dag eru starfandi tvö teymi - barna- og meðferðarteymi og geðteymi fyrir fullorðna. Í þessum teyimum starfa sálfræðingar, geðhjúkrunarfræðingar og heilsugæslulæknar.

Árið 2008 opnaði ný skurðstofa og speglunarstofa í samræmi við nýja stefnumörkun HSS frá 2004. Nýtt sneiðmyndatæki var tekið í notkun og afgreiðsla rafrænna lyfseðla hófst. Þá var göngudeildarþjónusta til krabbameinssjúkra hafin. Árið 2010 var skurðstofunni lokað vegna fjárskorts. Sama ár var fagleg símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga sett á fót.

Á síðustu fjórum árum hafa orðið talsverðar breytingar í rekstrinum, oft til að bregðast við skertum fjárframlögum ríkisins en um leið leitað leiða til að bæta og styrkja ýmsa þjónustuþætti. Með sameiningu fæðingardeildar og mæðra-verndar var t.d. stefnt að aukinni samfelli í þjónustu við verðandi foreldra. Geðteymi fyrir fullorðna var stofnað, opnuð ungmennamóttaka og hafin síðdegisvakt hjúkrunarfræðinga á slysa- og bráðamóttöku. Þá var aukin hjúkrunarþjónusta á slysa- og bráðamóttöku og viðvera hjúkrunarfræðinga lengd virka daga og um helgar.

Árið 2011 lýsti Reykjanesbær yfir vilja til að koma að rekstri HSS til að hafa aukin áhrif á framtíðarstefnumótun og daglegan rekstur. Þau mál eru nú til skoðunar hjá stjórnvöldum.



og nú síðast samstarf við lög-
regluna gegn heimilisofbeldi
svo eitthvað sé nefnt.

Á afmælisárinu er stefnt að
enn frekari áherslum tengdum
fjölskyldunni en þar má nefna
innleiðingu fjármálalæsis allt
niður í leikskóla og uppúr, hug-
mynd um fjölskyldusetur og
margt fleira.

Þjónusta við aldraða í 20 ár

Dagdvöl aldraðra var opnuð í
Keflavík síðla árs 1992, þá með
leyfi fyrir tíu manns í almennri
dagdvöl. Árið 2008 voru leyfin
orðin 26, þar af ellefu vegna
minnisskertra. Starfsemiinni
var skipt upp 2008 þegar al-
menna dagdvölin flutti á Nes-
velli og Selið var tekið undir
dagdvöl fyrir minnisskerta.

Á árinu 1998 var unnin stefnu-
mótun í málefnum aldraðra,
en til hliðsjónar var stuðst við
niðurstöður könnunar sem
gerð var sama ár meðal íbúa 67
ára og eldri. Í kjölfarið var hafist
handa við byggingu 25 félags-
legra leiguíbúða fyrir aldraða
í hjarta bæjarins, hafinn vísir
að matarþjónustu í hádegi og
Dagdvölin eflað með fjölgun
leyfa og meiri sérhæfingu fyrir
minnisskerta.

Árið 2005 efndu bæjaryfirvöld
til samkeppni um hugmyndir
og hönnun að heildstæðri
þjónustu fyrir aldraða, þar
sem þjónustan væri á einum
stað í nálægð við íbúðir og
hjúkrunarheimili. Svæðið sem
tengir gömlu Njarðvík og Kefla-
vík varð fyrir valinu, en það er í

hjarta Reykjanesbæjar. Fyrsta
skóflustungan að Nesvöllum
var tekin á árinu 2006, flutt inn
í fyrstu raðhúsin 2007 og þjón-
ustumiðstöðina vorið 2008.

Með tilkomu þjónustumið-
stöðvarinnar á Nesvöllum var
stigið mikið framfaraskref.
Fjölbreytni og aðstaða öll til
fyrirmyndar. Heimabjónustan





fékk fastan samastað, tómstundastarfið, dagdvölin, matarþjónusta og önnur félagsleg þjónusta öll á sama stað. Að auki er ýmis önnur þjónusta á Nesvöllum s.s. snyrtistofur, sjúkráþjálfun, tækjasalur, læknastofa o.fl. Í dag eru allar íbúðir á Nesvöllum í útleigu, bæði í öryggisíbúðum og raðhúsum.

Þjónusta við fatlaða í 20 ár

Þroskahjálp á Suðurnesjum hefur frá stofnun verið öflugur talsmaður fatlaðs fólks á svæðinu. Samstarf Reykjanesbæjar við félagið hefur verið með ýmsum hætti í gegnum árin. Þroskahjálp hélt t.a.m. lengi úti rekstri eftirskólaúrræðis og dagþjónustu yfir sumartímann í Ragnarsseli

fyrir sína umþjóðendur, sem styrkt var af Reykjanesbæ bæði beint og í gegnum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Í samráði við Þroskahjálp réðist Reykjanesbær í byggingu sex þjónustubúða við Heiðarenda, sem var stórt framfaraskref í búsetumálum fatlaðs fólks á þeim tíma. Á tímabili var erfitt að manna störf í liðveislu og mæta brýnum þörfum eftir þjónustunni. Fjölbrautaskóli Suðurnesja var þá fenginn til samstarfs með þeim hætti að nemendur gátu valið liðveislu sem fag og fengið einingar fyrir.

Akstur fatlaðra hefur verið í höndum afburða bílstjóra, bæði þeirra sem hafa sérútbúna bíla, en einnig með samningum við

leigubílastöðvarnar á svæðinu og er fólki þannig gefinn kostur á að velja sjálf tóna bílstjóra.

Reykjanesbær hefur haft það leiðarljós að leita einstaklingsbundinna þjónustulausna fyrir þá íbúa sem þarfnast félagslegrar þjónustu, þar eru málefni fatlaðs fólks engin undantekning. Stórt skref var stigið þegar málaflókkurinn fluttist alfarið yfir til sveitarfélaganna 1. janúar 2011. Fram að þeim tíma hafði þjónustan verið á hendi ríkisins að mestu, en ákveðnir þættir s.s. akstur og almenn liðveisla hjá sveitarfélögum.

Strax eftir yfirfærslu var hafist handa við eflingu búsetuúrræða. Samkomulag var gert við Brynju, hússjóð Öryrkjabandalags Íslands, um byggingu sex íbúða í hjarta bæjarins. Í kjölfarið var ófullnægjandi búsetukjarni lagður niður. Samþætting á þjónustu við fatlað fólk við aðra félagslega þjónustu var eitt stefnumálið í framtíðarsýn Reykjanesbæjar til 2014 og óhætt er að fullyrða að það hefur gengið eftir og orðið eðlilegur þáttur í ferlinu. Biðlistar eftir búsetu hafa minnkað og ýmsum óhefðbundnum leiðum verið beitt til að ná ásættanlegum lausnum. Eitt af flaggskipum Reykjanesbæjar í mállefnum fatlaðs fólks er Björgin, geðræktarmiðstöð, sem var sett á laggirnar 2005 með hugsjón að leiðarljósi og fjárhagslegum stuðningi Reykjanesbæjar. Í dag er vísað til Bjargarinnar sem fyrirmyndar um geðrækt.



NESVELLIR

FYRSTA SÉRBYGGÐA HJÚKRUNARHEIMILIÐ Í REYKJANESBÆ

Um margra ára og jafnvel áratuga skeið hafði D-álma við sjúkrahúsið verið baráttumál íbúa á Suðurnesjum en þar var fyrirhugað að reka hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða. Fyrsti hluti D-álmunnar, kjallari og jarðhæð- var tekin í notkun 2001 en þegar hjúkrunardeildin var tilbúin þremur árum síðar óskuðu forsvarsmenn sjúkrahússins eftir samkomulagi við sveitarfélögin á Suðurnesjum um að hún yrði ekki nýtt sem hjúkrunardeild heldur sem hefðbundin legudeild. Áherslur höfðu breyst. Þess í stað lofaði ríkið stuðningi við hugmyndir um byggingu nýs hjúkrunarheimilis í bænum auk breytinga á dvalarheimilinu Hlévangi í hjúkrunarheimili.

Árið 2003 hófu forsvarsmenn Reykjaneshæjar umræðu og skoðun á nýjum leiðum til að reisa þjónustumiðju fyrir eldri borgara í Reykjaneshæ sem fyrst var kynnt á íbúafundum með bæjarstjóra sama ár. Þessi skoðun varð síðan hluti af "Framtíðarsýn Reykjaneshæjar" árið 2006 þar sem á einu svæði skyldi rísa samþætt þjónusta fyrir aldraða, leigubúðir, öryggisbúðir og hjúkrunarheimili. Hugmyndinni var fundin staður í miðjum bænum en samið var við Ungmennafélagið Njarðvík um að fá

knattspyrnusvæði félagsins slíkra nota en þeim var í staðinn útbúið gott æfinga- og keppnisvæði vestar í bænum. Þjónustumiðstöðin hýsir félagsaðstöðu, hádegisveitingar, líkamsræktarsal og miðstöð heimaþjónustu en auk þess er þar að

finna snyrtistofu, hárgreiðslustofu og svo mætti áfram telja. Innangengt er milli íbúða, þjónustukjarna og hjúkrunarheimilis. Í næsta nágrenni er þjónustukjarninn við Krossmóa, sjúkrahús, bankar og verslanir ásamt annarri þjónustu sem aldraðir þurfa að leita eftir.

Aðeins 10 árum frá því að fyrstu hugmyndir um þjónustumiðju fyrir aldraða voru settar á blað eru allar grunneiningar hennar orðnar að veruleika.

Á síðustu 10 árum hafa orðið til 90 hjúkrunarými í Reykjaneshæ því auk 60 rúma hjúkrunarheimilis á Nesvöllum hefur Hlévangi nú alfarið verið breytt úr dvalarheimili í hjúkrunarheimili sem rúmar 30 heimilismenn.



BRUNAVARNIR SUÐURNESJA, EINN AF HORNSTEINUM REYKJANESBÆJAR!



Á þeim 20 árum sem liðin eru frá stofnun Reykjanesbæjar hefur saga Brunavarna Suðurnesja verið samofin sögu bæjarins. Hlutverk Brunavarna Suðurnesja er samkvæmt lögum að sjá um slökkvistörf, eldvarnareftirlit/forvarnir og viðbrögð við mengunarslysum á starfssvæði sínu og þá sér fyrirtækið um sjúkraflutninga á svæðinu samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Brunavarnir Suðurnesja er þjónustufyrirtæki sem veitir íbúum þjónustu 24 tíma á sólarhring alla daga ársins. Á undanförunum árum hefur verið lögð aukin áhersla á forvarnarstarfið, annars vegar eldvarnareftirlit og síðan fræðslu í samvinnu við leik- og grunnskóla Reykjanes-

bæjar og má fullyrða að þessi fræðsla og framkvæmd í samstarfi við skóla- yfirvöld sé með því besta sem gerist á landinu. Þá eru Brunavarnir Suðurnesja virkur þátttakandi í forvarnardegi ungra ökumanna í samstarfi við Reykjanesbæ, lögreglu og fleiri aðila.



Á síðustu 20 árum hafa starfsmenn Brunavarna þurft að takast á við ýmis krefjandi verkefni eins og stórelða í versluninni Járn og Skip og Trésmiðjunni Víkurás. Mörg verkefni sem starfsmenn Brunavarna Suðurnesja fást við snerta með beinum hætti (íbúana hvort sem um er að ræða veikindi, slys, eldsvoða eða aðra aðstoð við bæjarbúa og það er markmið Brunavarna Suðurnesja að allir þeir sem leita eftir aðstoð, og skiptir þá litlu um hvað málið snýst, fái sem besta þjónustu og úrlausn sinna mála.

Árið 1967 flutti starfsemi slökkviliðsins í nýtt húsnæði að Hringbraut 125 í Keflavík og hefur verið þar allar götur síðan en ljóst er að húsnæðismál Brunavarna Suðurnesja í dag eru óviðunandi. Hefur stjórn þess í samstarfi við eignaraðila, en þar er Reykjanesbær með um 80% eignaraðild, verið að leita leiða til að leysa húsnæðisvandann og standa vonir til að farsæl lausn sé í sjónmáli og að starfsemin geti flutt í nýtt húsnæði á nýju ári.

REYKJANESBÆR - FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA Í 20 ÁR



Hugmyndavinna að fjölskyldusetri.
Nýjar íbúðir við Suðurgötu fyrir fatlaða.

Fjölskylduþing.
Lundur og göngudeildarþjónusta SÁÁ.
Ásbrú/Keilir fjölgun íbúa - aukin félagsþjónusta.
Áhersla á fjölmenningu.
Framkvæmdaáætlun í barnavernd.
Nesvellir, fyrstu íbúðir teknar í notkun.

Líflínan áhersla á forvarnir og fjölskylduþjónustu.
Samstarf við R og G - eftirfylgni kannanna.
Umönnunargreiðslur til foreldra allra ungra barna.
Framkvæmdir hefjast við hjúkrunarheimilið á Nesvöllum.




Bygging 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða við Kirkjuveg.
Bygging sex félagslegra leiguíbúða fyrir fatlaða við Heiðarhvam.

Samningur við Brynju hússjóð ÖBÍ um byggingu sex þjónustuíbúða fyrir fatlaða.

Velferðavakt Suðurnesja stofnuð.
Atvinnutorg í samstarf við VMST.
Málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Samvinna velferðastofnanna eflist.
Fjölsmiðja stofnuð á Suðurnesjum.

Reykjanesbær aðili að Rannsóknarsetri í barna- og fjölskylduvernd.
Samtakahópurinn stofnaður.
Samstarf og stuðningur við dagforeldra aukið.
Mötuneyti aldraðra opnað í Hvammi.
Dagvist fyrir minnisskerta.
Nesvellir - hugmyndafræði og hönnun.
Björgin opnuð.



Húsaleigubætur lögbundnar.
Endurgerð Brekkustígsvallar.

Áhersla á sálfræðiþjónustu og fjölskylduráðgjöf.



Hjúkrunarheimilið að Nesvöllum tekið í notkun.

2014

2013

2012

2011

2010

2009

2008

2007

2006

2005

Formlegar viðurkenningar til dagforeldra í 10 ár eða lengur.



Velferðarvakt - velferðarsjóður. Virkjun - fyrir fólk í atvinnuleit.

Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar. Formlegt samstarf við kirkjuna hefst. Samningur við Útlendingastofnun um hælismál.

Dagur um málefni fjölskyldunnar. Fjölskylduvæn fyrirtæki viðurkennd.

Framtíðarsýn - lærum, lífum og njótum.

Áhersla á markvissa foreldrafraeðslu. Móttaka flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu. Stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Nafninu „Félagsmálastofnun“ breytt í „Fjölskyldu- og félagsþjónusta“.

Jákvæð barnavernd innleidd.



MENNINGARBÆRINN REYKJANESBÆR

Menningarvið

Með tilkomu Reykjanesbæjar hefur áhersla verið lögð á að skapa festu við rekstur menningarstofnana bæjarins, þróa samskipti við starfandi menningarhópa og byggja upp hefðir í kringum bæjarhátíðir. Viðhaldið er þeim viðburðum sem til voru fyrir sameiningu um leið og byggðir eru upp nýir þættir í takt við tíðaranda og stærð sveitarfélagsins. Mikil áhersla er lögð á menningu sem tækifæri til atvinnusköpunar og eru Víkingaheimar, Duushús og Hljómahöll dæmi um þá áherslu.

Menningarstofnanir

Bókasafnið er elsta og öflugasta menningarstofnun bæjarins og hefur verið mikil kjölfesta í menningarlífi bæjarbúa um langan tíma. Gott húsnæði, strax við sam-

einingu 1994, auðveldaði starfsmönnum að byggja upp metnaðarfullt starf sem bæjarbúar hafa notið og nú er safnið flutt í hjarta bæjarins, Ráðhúsið. Byggðasöfn höfðu verið rekin af Keflavík og Njarðvík um

áratuga skeið en eftir sameiningu sveitarfélaganna sameinuðust byggðasöfnin í eitt og breyting varð á starfsemi þess bæði í húsnæðismálum og rekstri. Með sýningaraðstöðu í Duushúsum varð svo til vettvangur fyrir safnið að byggja upp sýningahald sitt og ekki síður var mikilvægt fyrir safnið að fá geymsluhús og vinnuáðstöðu við hæfi í Safnamiðstöðinni í Ramma. Með auknum húsakosti var grunnur lagður að faglegri vinnu safnsins og þróun. Yngsta safnið er Listasafnið sem hefur með líflegu sýningahaldi og áherslu á fræðslu skapað sér fastaness í bæjarlífinu. Aðstaðan sem



safnið hefur í Duushúsunum er hornsteinn að sýningastarfi safnsins og nú er einnig verið að byggja upp geymslurými fyrir safnið í Ramma.

Menningarhópar

Þegar þéttbýlið skaut rótum á þessum slóðum í lok 19. aldar var áberandi hvernig þátttaka almennings mótaði bæjarlífið og varð hreyfiafl til góðs fyrir bæjarbúa. Mörg starfandi menningarfélög bæjarins eiga sér rætur í þetta upphaf og byggja þannig á djúpum hefðum og ríkulegri sögu. Söngur, leiklist, tónlist, myndlist, bókmenntir og saga eru samofin sögu bæjarins. Þessi þátttaka almennings er afar mikilvæg fyrir menningarlífið og hafa bæjaryfirvöld sýnt þessu skilning með því að gera sérstaka samninga við starfandi menningarhópa um að þeir fái fasta greiðslu gegn ákveðnu framlagi til menningarlífs bæjarins. Árið 1997 voru samningarnir þrír en árið 2013 voru þeir orðnir tuttugu talsins.

Atvinnuver hinna skapandi greina

Eins og áður segir hefur það verið stef í stefnumótun bæjarins að efla menningu sem atvinnugrein með margvíslegum hætti. Bærinn hefur lagt menningarferðabjónustu svæðisins öflugt lið með uppbyggingu og rekstri Víkingaheima, Duushúsa og nú síðast Hljómahallar. Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla Reykjanesbæ sem tónlistarbæ og glæsilegur vitnisburður um það er uppbygging Hljómahallar sem hýsir Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, sýninguna Rokksafn Íslands og ráðstefnu- og samkomuhúsið Stapa. Önnur skemmtileg dæmi eru Skessan í Grófinni, Stekkjarkot á Fitjum og Bátasafnið í Duus sem alltaf vekja hrifningu þeirra sem þangað koma. Einnig má nefna sýningar í bænum á vegum annarra en bæjarfélagsins s.s. Rokksafn Rúnars Júlíussonar, íbúð Kanans og Slökkviliðsminjasafn Íslands.



LJÓSANÓTT OG BARNAHÁTÍÐ

Ljósanótt var fyrst haldin árið 2000 og er í dag ein fjölsóttasta bæjarhátíð landsins. Er það ekki síst að þakka góðri og virkri þátttöku fjölda fólks og hópa sem gera hátíðina fjölbreytta og lífliga og í raun einstaka meðal bæjarhátíða. Aðrar hátíðir hafa orðið til í samvinnu ýmissa aðila og má þar nefna Listahátíð barna sem er samstarfsverkefni Listasafns og allra skóla bæjarins og stefnir í að verða jafn öflug og Ljósanóttin. Hátíðin kallast í dag Barnahátíð.





DUUSHÚSIN

MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ REYKJANESBÆJAR

Duushús hafa í gegnum tíðina verið tengd atvinnulífi Suðurnesjamanna. Elsta húsið, Bryggjuhúsið, var byggt 1877 af Hans Peter Duus, kaupmanni en hin húsin í húsaröðinni komu síðar. Eftir að hlutverki þeirra lauk sem atvinnu- og fiskvinnsluhús var ákveðið að endurbyggja þau sem menningar- og listamiðstöð bæjarins. Fyrsti áfangi eftir endurnýjun var tekinn í notkun 2002. Síðan hafa fjórir áfangar bæst við, nú síðast endurnýjun Bryggjuhússins sem opnaði formlega eftir endurbætur í maí 2014. Skammt frá Duushúsum standa Gamlabúð og Fischershús sem fyrirhugað er að verði gerð upp á næstu árum.



TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Við sameiningu 1994 voru tónlistarskólar bæjarins tveir. Tónlistarskóli Keflavíkur hafði verið starfandi frá árinu 1957 en skólinn í Njarðvík frá 1976. Báðir störfuðu áfram til ársins 1999 þegar þeir voru sameinaðir undir nafni Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun hans, hefur ýmislegt breyst hvað varðar tónlistarskólakennslu í Reykjanesbæ. Forskólakennsla skólans, ætluð 6 og 7 ára börnum, var alfarið færð út í grunnskólana á skólatíma og höfð gjaldfrjáls. Með endurnýjun skólahúsa og einsetningu grunnskóla fékk Tónlistarskóli Reykjanesbæjar kennsluaðstöðu í öllum grunnskólum bæjarins og um leið var nemendum gefinn kostur á því að sækja hljóðfæranám sitt á skólatíma upp í 7. bekk. Var tónlistarskólakennsla þar með orðin hluti af heildstæðum skóladegi nemenda frá 1. til 7. bekkjar. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur fram á þennan dag starfað á 8 stöðum í sveitarfélaginu, þ.e. í öllum 6 grunnskólum bæjarins auk húsa gömlu tónlistarskólanna. Auk þess hefur skólinn nýtt aðstöðu í Duushúsum til tónleikahalds í mörg ár. Í mars 2014 flutti skólinn alla starfsemi utan grunnskólanna í nýtt og glæsilegt húsnæði í Hljómahöll. Í hinu nýja húsnæði er öll aðstaða til mikillar fyrirmyndar bæði til kennslu og tónleikahalds og mikil tímamót í sögu tónlistarskólakennslu á svæðinu.

Tónlistararfurinn

Tónlistarmenn frá Keflavík, Njarðvík og Höfnum mörkuðu djúp spor í hryntónlistarmeninguna á sjöunda áratugnum og enn í dag er talað um bítlabæinn. Þessari tónlistararfleifð hefur verið haldið á lofti síðustu 20 árin í Reykjanesbæ með ýmsum hætti. Undir lok síðustu aldar var haldin hljómsveitarkeppni í nokkur ár undir nafninu Rokkstokk fyrir ungar upprennandi hljómsveitir. Ljósálagakeppni var haldin í 10 ár og lögðu margir af gömlu kempunum lög til keppinnar sem lifa enn góðu lífi en Ljósanótt hefur ávallt verið nýtt til að halda tónlistararfinum á lofti. Tónlistarskólinn hefur átt ríkan þátt í mótun margra þeirra tónlistarmanna sem síðar hafa orðið landsfrægir fyrir tónlist sína.



HLJÓMAHÖLLIN





UPPBYGGING MENNINGARHÚSNÆÐIS



Bryggjuhús Duushúsa opnar.
Hljómahöll með sýningu.
Rokksafn Íslands opnar.



Skessuhellir opnar.
Listasmiðjan á Ásbrú opnar.

Suð suðvestur, sýningarrými
á Hafnargötu opnar.

Annar salur Duushúsa opnaður
- Listasafn.

Endurbygging Fischershúss
og Gömlu búðar hafin.

Bókasafn opnar í Ráðhúsinu.
Slökkviliðsminjasafn opnar.

Víkingsheimar opna.

2007

2006

2005

2004

2003

2002

2001

2000

1999

1998

1997

1996

1995

1994

Frumleikhúsið opnar.

Svarta pakkhúsið opnar.
Duushús keypt.

Bókasafn á Hafnargötu.
Byggðasafn á Vatnsnesi.
Stekkjarkot, Innri Njarðvík.



Safnamiðstöðin í
Ramma opnar.

Fjórfri salur Duushúsa opnaður
- Bíósalur.

Þriðji salur Duushúsa opnaður
- Byggjasafn.

Fyrsti salur Duushúsa opnaður
- Bátasafn.

2010

2009

2008

2007

2006

2005

2004

2003

2002

2001

2000

1999

1998

1997

1996

1995

1994

2014

2013

2012

2011

VÍKINGAHEIMAR



ÍÞRÓTTIR, TÓMSTUNDIR OG FORVARNIR Í 20 ÁR

Íþrótt- og tómstundasvið

Á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá sameiningu sveitarfélaganna þriggja hefur mikil áhersla verið lögð á uppbyggingu mannvirkja fyrir íþróttir og tómstundir. Á þessum tíma hafa verið byggðar tvær íþróttamiðstöðvar, annars vegar árið 2000 við Heiðarskóla og hins vegar 2007 við Akurskóla. Fyrsta stóra verkefnið sem ráðist var í var bygging Reykjaneshallarinnar sem opnuð var 19. febrúar árið 2000. Um var að ræða fyrsta yfirbyggða knattspyrnuhúsið á Íslandi og með því skapaðist frábær aðstaða fyrir allt okkar knattspyrnufólk. Reykjanesbær hafði forystu í byggingu gervigrasvalla við grunnskóla sveitarfélagsins sem voru upphitaðir, upplýstir og afgirtir. Nú eru fimm slíkir vellir við grunnskóla bæjarins.

Á þessum tíma hefur samstarf milli íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda verið mjög gott og á árinu 2002 gerðu þessir aðilar í fyrsta skipti með sér samning um greiðslu þjálfunarstyrkja til íþróttahreyfingarinnar í þeim tilgangi að íþróttahreyfingin geti ráðið til sín menntaða þjálfara.

Árlega hefur íþróttahreyfingin í samstarfi við Reykjanesbæ veitt viðurkenningar til þeirra einstaklinga sem orðið hafa Íslandsmeistarar. Frá 2002 er fjöldi Íslandsmeistarar í Reykjanesbæ 2.494 og má gera ráð fyrir að frá stofnun Reykjanesbæjar sé fjöldi Íslandsmeistarar tæplega 4.000.

Frístundaskóli Reykjanesbæjar hóf starfsemi árið 2003. Samið var við íþróttahreyfinguna að nemendur í 1.-4. bekk sem voru í skipulögðu íþróttastarfi gætu iðkað sínar íþróttir á milli kl. 13.30 og 18.00. Þá var boðið upp á akstur á íþróttæfingar og til baka. Gjald fyrir eina íþróttagrein var innifalin í gjaldi Frístundaskólans. Breytingar urðu þó á þessu fyrirkomulagi árið 2008-9. Í samráði við íþróttahreyfinguna var ákveðið að styðja félögin með byggingu á félagsaðstöðu fyrir íþróttafélögin í Keflavík og Njarðvík. Árið 2004 var byggt félagsheimili við Íþróttamiðstöðina í Njarðvík og árið 2010 við Íþróttahúsið við Sunnubraut. Gjörbylting varð í aðstöðu sundfólks árið 2006 þegar 50 metra innisundlaug og Vatnaveröld var byggð við Sundmiðstöðina við Sunnubraut. Er sundlaugin þannig úr garði gerð að unnt er að skipta henni upp í tvær 25 metra sundlaugar. Auk þess er í Vatnaveröld skemmtilegur vatnsleikjagarður fyrir börn. Bætti aðstaðan enn fremur alla aðstöðu til sundkennslu fyrir Myllubakkaskóla og Holtaskóla. Fjöldmörg af stærstu sundmótum landsins hafa verið haldin í Vatnaveröld frá því að hún opnaði. Samhliða opnun á Vatnaveröld ákváðu



bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ, fyrst allra sveitarfélaga á Íslandi, að öll börn á grunn-skólaaldri fengu frítt í sund og er svo enn. Þá fá eldri borgarar, 67 ára og eldri, enn fremur frítt í sund í Reykjanesbæ.

Knattspyrnuaðstaðan, bæði hjá Njarðvík og Keflavík, hefur á síðustu árum verið lagfærð. Nýr völlum og æfingavæði ásamt búningsklefum og áhorfendastúku var byggð í Njarðvík. Í Keflavík var byggð búningsaðstaða við völlum auk þess sem keppnisvölluminn var endurnýjaður með hitalögn. Þá var nýtt æfingavæði fyrir Keflavík vestan Reykjanesvallar tekið í notkun 2013.

Hvatagreiðslur, styrkur til foreldra til niðurgreiðslu æfinga- eða þátttökugjalda í viðurkenndu íþrótt- og tómsundastarfi, voru teknar upp 2008. Er markmiðið að lækka kostnað foreldra við tómsundir og íþróttir barna og ungmenna. Ennfremur geta foreldrar nýtt greiðslurnar til lækkunar skólagjalda Tónlistarskólans.

Hestamannafélagið Máni byggði nýja reiðhöll árið 2009 í samvinnu við bæjaryfirvöld sem gjörbreytti allri aðstöðu félagsins. Hestamannafélagið er vel sett með góða aðstöðu til æfinga og félagsstarfs.



Er félagið eitt öflugasta hestamannafélag landsins og hefur m.a. fengið viðurkenningar frá Landssambandi hestamanna vegna barna- og unglíngastarfs félagsins. Árið 2009 keypti Reykjanesbær golfskálann í Leiru af Golfklúbba Suðurnesja og hefur séð um rekstur hans síðan.

Júðódeild Njarðvíkur og Taekwondodeild Keflavíkur fengu nýja aðstöðu við lðavelli á árinu 2013.

Eins og áður sagði hefur miklum fjármunum verið varið í uppbyggingu mannvirkja fyrir íþróttahreyfinguna. Á afmælisárinu, 2014, ákváðu bæjaryfirvöld að styðja við innra





starf íþróttahreyfingarinnar með sérstöku 15 milljón króna framlagi sem skiptist á milli deilda og félaga. Íþróttta- og tómsfundaráð gerir auk þess árlega samninga við fjölmörg íþróttta- og tómsfundafélög á borð við KFUM&K og skátahreyfinguna.

Við sameininguna árið 1994 voru þrjár félagsmiðstöðvar í Reykjanesbæ.

Félagsmiðstöðin Fjörheimar opnaði 26. nóvember 1983 í svokölluðum „Trönusal“ í Stapa og var fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.

Með aðstöðu í baksal í Stapa. Árið 2008 fluttu Fjörheimar í byggingu 749 á Ásbrú þar sem framundan voru miklar breytingar á Stapa með tilkomu Hljómahallar. Fjörheimar voru á Ásbrú fram til janúar 2011 er félagsmiðstöðin flutti að Hafnargötu 88 í góða aðstöðu miðsvæðis í Reykjanesbæ. Félagsmiðstöðin Ungó var stofnuð 1977 og starfaði til vorsins 1999 innan veggja Holtaskóla við Sunnubraut. Þegar einsetning grunnskóla átti sér stað var ekki pláss lengur innan skólans og ákveðið var

að hafa eina félagsmiðstöð miðsvæðis í Reykjanesbæ.

Félagsmiðstöðin Zetan var stofnuð 1994 og var starfrækt í rúmlega eitt ár. Zetan var til húsa að Hafnargötu 30 þar sem nú er skemmtistaðurinn Players. Zetan var með aldurstakmarkið 16 ára og eldri og var vímuefnalaus staður.

88 húsið, menningarmiðstöð unga fólksins, opnaði að Hafnargötu 88 í janúar 2004 og Fjörheimar fluttu í húsnæðið árið 2011. Þar með varð að veruleika sú stefna að hafa eina stóra félagsmiðstöð miðsvæðis í bænum. Þar eiga margir hópar athvarf svo sem NFS (Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja), 0% hreyfingin, þar er aðal fundarstaður Ungmennaráðs Reykjanesbæjar, forvarnardagur ungra öikumanna, Gettu Betur og Morfís æfingahópar.

Við sameiningu voru málefni unglunga áhyggjuefni bæjarfélaganna. Söfnun unglunga í miðbæinn með slæmum fylgifyskum var talið mikið vandamál. Landskannanir sýndu að unglingavandamál voru tíð og full þörf á að taka markvisst á þeim vanda.

Árið 1991 var Útideild Reykjanesbæjar stofnuð og farið var í áttak til að taka á svokölluðum miðbæjarvanda. Foreldrar voru m.a. fengnir til að taka þátt í foreldrarölti. Nokkur ár tók að vinna bug á þessu vandamáli sem heyrir nú sögunni til.

Haldinn var fjöldafundur í Stapa í tilefni af svokallaðri RUM skýrslu um ungt fólk sem kom út árið 1997 og sýndi slæmar niðurstöður í forvarnarmálum ungs





fólks. Í kjölfarið hófst forvarnarverkefnið Reykjanesbær á réttu róli. Árið 2003 voru Samtök foreldrafélaga grunnskólanna í Reykjanesbæ, FFGÍR, stofnuð. Öflugt forvarnarstarf var sett á oddinn hjá bæjar-yfirvöldum, foreldrum og félagasamtökum. Árangur ungmenna í Reykjanesbæ hefur nú vakið mikla eftirtekt og er svo komið að lykiltölur eru orðnar betri og jafn góðar því sem gerist best á landsvísu. Ungmennin okkar ramma þetta svo inn með frábærum árangri í Skólahreysti árlega. Reykjanesbær og lögreglustjórnin á Suðurnesjum gerðu samkomulag árið 2007 við forsvarsmenn skemmtistaða í Reykjanesbæ um nýjar leiðir í vörnum gegn ofbeldi og fíkniefnanotkun í bæjarfélaginu. Samstarf lögreglu og skemmtistaða varð nánara og opnunartími stytur. Settar voru upp eftirlitsmyndavélar við Hafnargötuna

og dyraverðir skemmtistaða sóttu námskeið í forvarnarmálum. Gerðir hafa verið samningar við hin ýmsu tómstundafélög auk þess sem bæjar-yfirvöld stuðluðu að stofnun Tómstundabandalags Reykjanesbæjar. Forvarnarsjóður Reykjanesbæjar hefur frá árinu 2006 úthlutað styrkjum til margvíslegra forvarnarverkefna.

Samtakahópurinn er þverfaglegur aðgerðarhópur skipaður fulltrúum úr grunn- og framhaldsskólum bæjarins, FFGÍR, HSS, lögreglunni og fulltrúum Reykjanesbæjar. Hópurinn hittist hálfsmánaðarlega og fer yfir forvarnarmál sveitarfélagsins og grípur inn í ef þörf krefur. Ungmennaráð Reykjanesbæjar var stofnað árið 2012. Í ráðinu eru þrettán fulltrúar og jafn margir til vara. Fulltrúar ráðsins koma frá grunn- og framhaldsskólunum ásamt hinum frjálsu félagasamtökum í bænum. Ráðið starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt var í bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Ungmennaráðið hefur nú þegar sannað gildi sitt og hefur komið fram með margar góðar og nytsamlegar hugmyndir sem hafa fengið formlega afgreiðslu bæjaryfirvalda. Meðal hugmynda Ungmennaráðsins er 88 garðurinn sem vígður var nú fyrir stuttu. Á síðustu 20 árum hefur ungmennalýðræði aukist mikið til hagsbóta fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ.




Virkjun mannauðs og velferðar á Ásbrú var sett á fót árið 2009 í tengslum við hið mikla atvinnuleysi sem fylgdi efnahagskreppunni. Virkjun býður enn kraftmikið, fjölbreytt og mikilvægt forvarnarstarf sem að margir nýta sér. Árið 2011 opnaði Fjölsmiðjan á Suðurnesjum aðstöðu á Smiðjuvöllum. Fjölsmiðjan aðstoðar ungt fólk 16 ára og eldri sem hefur átt erfitt með að ná fótfestu í lífinu.


ÍÞRÓTTALÍFIÐ



TÓMSTUNDIR OG FORVARNIR



ÍÞRÓTTIR





ÞRÓUN ATVINNULÍFS

Atvinnu- og hafnasvið

Við sameiningu sveitarfélaganna í Reykjanesbæ einkenndist atvinna af mikilli umsýslu í kringum Varnarliðið og alþjóðaflugið á Keflavíkurflugvelli. Langt var liðið frá því skipaflotinn hafði dregist saman og bolfiskafli með. Með tilkomu uppbyggingar í Helguvík jókst þó landaður afli í síld og loðnu og hin síðari ár einnig í makríl. Í dag er landað um 47 þúsund tonnum af fiski í Reykjanesbæ þar af um 40 þúsund tonnum í Helguvík. Árið 1994 voru starfsmenn Varnarliðsins yfir 900 hundruð auk tvöfalds fjölda starfsmanna verktaka og þjónustufyrirtækja. Fjöldi hermanna og fjölskyldna þeirra voru þá um 4700 talsins sem kallaði á mikla þjónustu bæjarbúa við þann hóp. Stór og öflug verktakafyrirtæki voru á Keflavíkurflugvelli svo sem Keflavíkurverktakar hf. og Íslenskir aðalverktakar hf. Rúmlega tólf árum síðar var herinn á brott og öll framangreind störf sem honum fylgdu.





Á móti kom aukning í alþjóðaflugi. Flugstöð Leifs Eiríkssonar er í dag stærsti vinnustaður Suðurnesja og einn stærsti vinnustaður landsins. Um 2.200 manns vinna beint við flugrekstur á Keflavíkurflugvelli og óbein störf við aðfangakeðjuna eru vel á fjórða þúsund. Gríðarleg uppbygging á sér stað á Keflavíkurflugvelli í dag og lætur nærri að fjárfesta þurfi fyrir vel á annan milljarð króna á hverju ári næstu ár til að halda í við fjölgun ferðamanna.

Eftir brotthvarf Varnarliðsins, og efnhagskreppuna ári síðar, hafa Suðurnesjamenn barist gegn atvinnuleysi. Flest nýrra atvinnuverkefna hafa ekki farið hátt en þau hafa mörg orðið til í hugskoti duglegs athafnafólks. Í því sambandi má nefna verkefni frá kaffibrennslu til álendurvinnslu, harðfiskgerðar til ferðaþjónustu, menningar- og leikhússtarfsemi til skólaþjónustu svo fátt eitt sé nefnt.

Hin síðari ár hafa bæjaryfirvöld lagt mikla áherslu á að leggja grunn að fjölbreyttum og vel launuðum störfum. Fjölbreytnin er m.a. fólgin í uppbyggingu jarðauðlindagarðs á Reykjanesi með lífefnaiðnaði, fiskeldi, fullvinnslu sjávarafurða, uppbyggingu ál- og kísilvera, rafrænum gagnaverum, orþörungagróðurhúsi og iðnaðarverkefnum. Mörg hver eru verkefnin komin á framkvæmdastig. Í dag

er stærsta frumkvöðla-setur landsins með fjölda smáfyrirtækja að Ásbrú, fyrrum varnarsvæði. Orðið umbylting á vel við þegar horft er til atvinnuverkefna í Reykjanesbæ í 20 ára sögu.


Skráðum fyrirtækjum í Reykjanesbæ hefur fjölgað um 83% á þessum 20 árum, úr 498 árið 1994 í 914 í árslok 2013.



FRAMKVÆMDIR Í HELGUVÍK



ATVINNULÍF



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

- STÆRSTI VINNUSTAÐUR SUÐURNESJA

Rúmlega 70 ár eru liðin frá því að Keflavíkurflugvöllur var lagður af Bandaríkjamönnum undir lok síðari heimstyrjaldar. Íslendingar eignuðust flugvöllinn 1946 og hefur hann verið mótandi afl í samfélagi Suðurnesjamanna upp frá því. Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun 1987 og var farþegaflug þar með aðskilið frá starfsemi Varnarliðsins. Hin síðari ár hefur fjöldi ferðamanna um flugstöðina aukist ár frá ári og er gert ráð fyrir að 3,8 milljónir manna fari í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu 2014. Þjónusta í kringum flug og ferðamenn er umfangsmikil og kallar á mikinn fjölda starfsmanna. Líklegt má telja að 3-4 þúsund manns vinni beint eða óbeint í kringum starfsemi Keflavíkurflugvallar og fyrirtækja á starfssvæði flugvallarins.



HITAVEITAN Í 20 ÁR



Fyrstu opinberu umræður um stofnun hitaveitu á Suðurnesjum hófust í kringum 1960. Frá þeim tíma störfuðu hitaveitunefndir í Keflavík og Njarðvík og var unnin greinargerð á þeirra vegum um möguleika á hitaveitu fyrir sveitarfélögin tvö og Keflavíkurflugvöll. Árið 1969 ákvað hreppsnefnd Grindavíkur að láta bora eftir heitu vatni í Svartsengi og hófust framkvæmdir 1971. Í ljósi góðrar niðurstöðu á tilraunaborunum buðu Grindvíkingar öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum til samvinnu um nýtingu jarðhitans í Svartsengi og leiddi undirbúningur til stofnunar Hitaveitu Suðurnesja. Lög um fyrirtækið tóku gildi þann 31. desember 1974.

Fyrsti starfsmaður Hitaveitunnar var ráðinn 1. september 1975. Fyrstu húsin í Grindavík voru tengd aðveitukerfinu undir lok árs 1976 og ári síðar voru fyrstu húsin í Keflavík og Njarðvík tengd kerfinu.

Raforkuframleiðsla fyrirtækisins hófst 1978 og ári síðar var lagningu aðveitu- og dreifikerfis fyrir hitaveitu lokið í öllum þéttbýlisstöðunum á Suðurnesjum nema Höfnum. Starfsmenn voru orðnir rúmlega 20 og fjölgaði stöðugt.

Árið 1985 keypti Hitaveita Suðurnesja eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum. Það ár urðu einnig þau merku tímamót að fyrirtækið var í fyrsta skipti rekið með hagnaði. Við breytinguna varð einnig veruleg lækkun á raforkuverði til notenda. Starfsmenn fyrirtækisins voru í árslok orðnir rúmlega 60. Ári síðar, 1986, hófust svo framkvæmdir við byggingu baðhúss við Bláa Lónið.

Nokkrar breytingar urðu á umhverfi fyrirtækisins 2001 með sameiningu Hitaveitunnar við Rafveitu Hafnarfjarðar. Var félaginu samhlíða þeirri sam-

einingu breytt í hlutafélag. Starfssvæði félagsins stækkaði þar með umtalsvert. Ári síðar keypti Hitaveitan svo Bæjarveitur Vestmannaeyja og rafveituhluta Selfossveitna tveimur árum þar á eftir. Vatnsveitur Reykjanesbæjar og Garðs voru enn fremur sameinaðar Hitaveitunni á þessum árum.

Á árinu 2006 ákvað ríkissjóður að selja hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja hf. og var eigendum félagsins tilkynnt um þá ákvörðun undir lok árs. Í kjölfarið urðu verulegar hreyfingar með eignarhluti í félaginu. Á endanum náðist samkomulag um eigendaskiptingu félagsins á þann hátt að Reykjanesbær yrði stærsti eigandinn með rúmlega þriðjungshlut. Nýr eigandi, Geysir Green Energy, ætti tæplega þriðjungshlut, Orkuveita Reykjavíkur tæplega 17%, Hafnarfjarðarbær rúmlega 15% en önnur sveitarfélög á Suðurnesjum rúmlega 1%.

Í kjölfar ákvörðunar Alþingis um uppskiptingu orkufyrirtækja í framleiðslufyrirtæki og dreififyrirtæki var Hitaveitu Suðurnesja hf. skipt upp í tvö fyrirtæki

á árinu 2009, HS Orku hf. og HS Veitur hf. HS Orka sér um orkuframleiðslu og vatnsöflun en HS Veitur sér um dreifingu til íbúa á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, Garðabæ, Árborg og Vestmannaeyjum. Við uppskiptinguna ákvað Reykjanesbær að selja hlut sinn í HS Orku en eignast þess í stað meirihluta í HS Veitum en HS Veitur er samskiptaaðili og viðsejandi við alla íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Var m.a. horft til þess að HS Veitur hefuri einkaleyfi á dreifingu rafmagns og vatns á svæðinu og geta íbúar því ekki valið um aðra dreifingaraðila. Gagnvart orkusölunni þá keppa orkufyrirtæki á samkeppnismarkaði og getur almenn-ingur því skipt um orkusölufyrirtæki ef svo ber undir.

Í upphafi árs 2014 urðu nokkrar breytingar á eignarhaldi félagsins. Í dag er Reykjanesbær enn meirihlutaeggandi félagsins með ríflega 50% hlut en Hafnarfjarðarbær á um 15% og Sandgerðisbær 0,1%. Félagið HSV eignarhaldsfélag slhf. sem að mestu er í eigu lífeyrissjóða landsins er eigandi að rúmlega 34% hlut í félaginu.

HS Veitur hf. er afar traust fyrirtæki með sterka eignarstöðu, stöðugan rekstur og góða afkomu. Hagnaður ársins 2013 var rúmlega 650 milljónir króna, eignir félagsins nema um 18,5 milljörðum króna og skuldir 8,7 milljörðum. Eiginfjárlutfall félagsins er 53%.

UMHVERFISMÁL

Umhverfis- og skipulagssvið

Markvisst hefur verið unnið að fegrun umhverfisins í Reykjanesbæ á undanfórnum 20 árum. Gróður hefur tekið miklum stakkaskiptum. Bærinn hefur lagt sig fram við að rækta upp ýmis svæði, t.d. rómantíska svæðið, sem vakti strax athygli þegar það verkefni hófst árið 1992 og það var að mestu leyti klárað við sameiningu árið 1994. Þetta svæði setur í dag fallegan svip á bæinn og tengir fagra gönguleið frá Keflavík til Njarðvíkur.

Endurnýjun lagna og gatna hefur verið áberandi síðustu 20 ár. Ber þar hæst Hafnargatan sem hefur fengið mikla andlitslyftingu sem og allt umhverfi í gamla bænum.

Seinni ár hefur áhersla verið á að bæta gróðri við opin svæði víðsvegar um bæinn. Þá hefur skrúðgarðurinn í Keflavík

verið endurmótaður að hluta, gróðri skipt út og bætt við. Trjágróður færir okkur hlýleika og dregur úr vindi. Athygli vakti þegar sveitarfélagið setti niður háar aspir í Njarðvík á árinu 2005. Verkefnið tókst vel og hvatti til frekari trjáræktar á svæðinu. Árið 2013 voru 300 aspir settar niður m.a. við Hringbraut, Þjóðbraut og Vesturgötu.

Einstaklingsframtakið hefur einnig verið áberandi og áhugi almennings vaknað og eflst á þessum 20 árum. „Sérvitringarnir“ sem fóru að gróðursetja suður með sjó reyndust hafa rétt fyrir sér. Fólk sá að það er hægt að rækta tré á Suðurnesjum. Bærinn hefur árlega veitt viðurkenningar til einstaklinga og fyrirtækja sem hafa sinnt sínu umhverfi og heimagörðum vel. Einnig hefur bærinn átt gott samstarf við Skógræktarfélag Suðurnesja um uppgræðslu og útplöntun víðsvegar í landi bæjarins.

Grjótgarðar voru hlaðnir við innkomur í bæinn austan Reykjanesbrautar haustið





2013. Haldið verður áfram á sama hátt með innkomur tengdar Ásbrú og Höfnum vestan Reykjanesbrautar. Hlýleg innkoma fyrir íbúa sem gesti er táknað fyrir vaxandi og blómlegt sveitarfélag sem leggur áherslu á fallett umhverfi og aukna ferðaþjónustu. Hreinsun strandlengjunnar hefur verið stórt átaksverkefni í Reykjanesbæ síðustu ár. Gerð sjóvarnargarða, miklar varnir gegn landbroti alla strandlengjuna frá Keflavík og að Kópu í Innri Njarðvík, fækkun og hreinsun frárennsli rása við ströndina eru á meðal mikilvægra verkefna sem fáir taka eftir frá landi en hefur haft gríðarlega mikilvægar umhverfisbætur í för með sér. Markvisst hefur verið unnið að því að fækka útrásum og lengja þær langt á haf út. Hreinsi- og dælustöð fyrir Njarðvík og Ásbrú var tekin í notkun árið 2001 og Keflavíkurbær og Gróf hafa verið hreinsaðar. Árið 1994 var hér fjöldinn allur af skólpútrásum sem rétt náðu út í fjöruborðið og ollu mikilli mengun í öllum fjörum bæjarfélaga, en slíkur frágangur heyrir nú sögunni til.





Umhverfismál eru hluti af daglegu lífi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana

Leik- og grunnskólar sem hafa hlotið grænfána viðurkenningu er Þrír, Tjarnarsel, Gimli og Leikskólinn Háaleiti og að auki grunnskólarnir Akurskóli og Njarðvíkurskóli. Sjálfbærni er einn af þeim sex grunnþáttum sem vinna skal með börnum í mennta- og uppeldisstofnunum Reykjaneshæjar. Undir þessum þáttum er unnið með umhverfismennt t.d. flokkun sorps og fleira. Flestir skólar og leikskólar eru byrjaðir að byggja upp eða huga að útiskólastofum sem þykir mjög gefandi og skemmtilegt verkefni í skólastarfinu.



Umhverfið hefur áhrif á lífsgæði og getur hvatt til heilsusamlegs lífsstíls. Strandleiðin er slíkt verkefni og einnig hreyfingarðarnir sem staðsettir eru víða um bæinn og tengdir saman með gönguleiðum.

Reykjaneshæ er þekktur sem íþróttabær og eru frekari skref í átt að heilsuefandi sveitarfélagi hluti af framtíðarsýn heilsuhæjarinnar.

Meiri gróður og græn svæði sem samræmast útivist eru hluti af framtíðarsýn. Sú framtíðarsýn felst einnig í hreinni strandlengju, minni útblæstri og grænna og umhverfisvænna samfélagi þar sem aukin áhersla er lögð á sjálfbærni.



Samgöngur

Lengd gatnakerfisins hefur rúmlega tvöfaldast frá sameiningu og er nú um 150 km. Sem mikilvægur liður í umferðaröryggi hafa verið byggð fjölmörg hringtorg á hættulegustu gatnamótunum. Tvöföldun Reykjanesbrautar að Fitjum ásamt mislægum gatnamótum hefur dregið mjög úr umferðarslysum.

Öllum skólahverfum og mörgum öðrum húsagötum hefur verið breytt í 30 km svæði. Strætó ekur nú á 30 mínútna fresti milli skólahverfa og dregur það úr umferð einkabíla. Með minni hraða og minni umferð er um leið minni hætt á slysum í umferðinni.

Óhætt er að segja að almenningsamgöngur hafi tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Árið 2003 ákvað bæjarstjórn Reykjanesbæjar að frítt yrði í strætó og við það jókst fjöldi strætófarþega um þriðjung. Almenningsamgöngur eru nú mikilvægur þáttur í lífi unga fólksins sem nýtir strætó til að fara á milli heimilis, skóla og tómstunda t.d. tónlistarskóla og íþróttar.

Samfara því að göngustígakerfi er mikilvægt fyrir gangandi umferð gegnir það um leið hlutverki við heilsuefningu. Í nánustu framtíð verður unnið að fleiri göngu- og hjólastígum og má þá tengja þá við nágrennasveitarfélögin og stærri vinnustaði, t.d. Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Skipulagsmál

Áhersla í skipulagsmálum einkennist af samþættingu atvinnuuppbyggingar, nýjum íbúðasvæðum og svæðum sem nýtast einnig til upplifunar á náttúru og ferðapjónustu. Óhætt er að segja að uppbygging hverfa í Njarðvíkum, Tjarnar- og Dalshverfi

í Innri Njarðvík og Ásahverfi í Njarðvík hafi verið með stærri verkefnum. Samþættingu útivistar og skipulags íbúðahverfa má sjá á strandleiðinni þar sem Víkingaheimar og útikennslusvæði í Narfakotsseylu setja svip á svæðið.



TVÖFÖLD REYKJANESBRAUT Í 10 ÁR

- AUKIÐ ÖRYGGI SUÐURNESJAMANNA

Áhugahópur um tvöföldun Reykjanesbrautar var stofnaður í lok nóvember árið 2000 á Hótel Keflavík í framhaldi af hörmulegu slysi þar sem þrír einstaklingar létu lífið. Þessi missir auk árlegra dauðsfalla sem töldu fjóra til fimm einstaklinga árin þar á undan leiddi til þess að Suðurnesjamenn stóðu upp allir sem einn og kröfðust aðgerða. Borgarafundur var haldinn 11. janúar 2001 í Stapa en þar mættu um eitt þúsund íbúar, sveitarstjórnarmenn, þingmenn og ráðherrar. Fyrsta skóflustunga að tvöfaldri Reykjanesbraut var tekin nákvæmlega tveimur árum síðar eða 11. janúar 2003. Þann 29. júlí árið 2004 var fyrsti hluti akbrautarinnar tekinn í gagnið en verkinu lauk í október 2008. Í lok maí mánaðar 2014 voru 10 ár liðin frá síðasta banaslysi á þessum kafla og hefur framkvæmdin því sannað gildi sitt sem ein skilvirkasta og hagkvæmasta framkvæmd í samgöngumálum Íslendinga.



LÖGGÆSLA Í 20 ÁR



Löggæsla er verkefni ríkisins en hefur eðlilega mikil áhrif á nærsamfélagið. Því skal þróunar löggæslu í Reykjanesbæ getið hér í nokkrum orðum.

Á síðustu 20 árum hafa orðið miklar breytingar á skipulagi og verkefnum lögreglu á Suðurnesjum. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum varð til árið 2007 við sameiningu tveggja lögregluembætti, lögreglustjórans í Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýslu og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt var embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lagt niður en verkefni flutt til Sýslumannsins í Keflavík. Þá var tollstjórn felld undir embætti tollstjóra. Brotthvarf Varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli árið 2006 hafði mikil áhrif á verkefni lögreglunnar enda hafði löggæsla þar verið meginverkefni lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum er stór stofnun með um það bil 100 starfsmenn og starfsemin mjög fjölþætt. Embættið er næst fjölmennasta lögregluembætti landsins. Meginverkefni embættisins er almenn löggæsla í umdæminu en stór hluti starfseminnar er landamæragæsla og önnur löggæsla á Keflavíkurflugvelli, eina alþjóðaflugvelli landsins og skapar það embættinu mikla sérstöðu innan lögreglunnar í landinu. Við embættið er öflugrannsóknardeild og við flugstöðvardeildina starfa tveir skilríkjasérfræðingar, þeir einu innan lögreglunnar á Íslandi.

Leiðir lögreglunnar og bæjarins liggja saman við að tryggja velferð bæjarbúa og þeirra gesta sem hingað koma. Þá á lögreglan mikið samstarf við bæjar- yfirvöld vegna forvarna, umferðar- og barnaverndarmála og nú síðast kom til aukið samstarf við félagsþjónustuna vegna átaks til að sporna gegn heimilisofbeldi.

Lögreglan er ágætlega búin ökutækjum og gera má ráð fyrir að flestir bæjarbúar


tengi lögregluna mjög við lögreglubíla sem þeir sjá á ferð um bæjarfélagið. Flestum bæjarbúum þætti eflaust óhugsandi að lögreglan gæti verið án lögreglubifreiða. Það má því til gamans geta að lögreglan hafði starfað í Keflavíkurbænum í sjö ár áður en fyrsta lögreglubifreiðin var keypt. Það gerðist árið 1945 en bifreiðin var seld 1947 m.a. vegna þess að enginn lögregluþjónanna sem þá voru við störf hafði ökuréttindi. Breytingarnar hafa orðið miklar á einni mannsævi.




GAMLI TÍMINN



FRAMTÍÐARSKIPULAG Í GRÓFINNI



ÞRÓUN HELSTU SKIPULAGSVERKEFNA



NÁTTÚRUPERLUR Í REYKJANESBÆ



Valahnjúkur



Brú milli heimsálfa



Gunnhver





REYKJANESBÆR

